

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 219/2016

2018/EES/56/04

frá 2. desember 2016

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918 frá 22. október 2015 um að koma á fót kerfi fyrir stjórnsýsluaðstoð og samstarf samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra, fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra, fóður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla:

„11a. **32015 D 1918:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918 frá 22. október 2015 um að koma á fót kerfi fyrir stjórnsýsluaðstoð og samstarf samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 280, 24.10.2015, bls. 31).“
2. Eftirfarandi lið er bætt við lið 31j (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í II. kafla:

„31ja. **32015 D 1918:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918 frá 22. október 2015 um að koma á fót kerfi fyrir stjórnsýsluaðstoð og samstarf samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 280, 24.10.2015, bls. 31).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 280, 24.10.2015, bls. 31.

2. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 54zzzi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 882/2004) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„54zzzia. **32015 D 1918**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1918 frá 22. október 2015 um að koma á fót kerfi fyrir stjórnsýsluaðstoð og samstarf samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtíð. ESB L 280, 24.10.2015, bls. 31).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/1918, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.